

Heimaping 7. mars 2006

Allir nemendur og starfsmenn skólans áttu 30 mínútna fund í hreyfirými.

Umræðuefni: **Öskudagur.**

Draugahúsið vakti mikla athygli en skiptar skoðanir voru á því, meðan öðrum fannst það spennandi þá hræddust aðrir húsið. Mjög góð lausn kom frá Hrafnhildi íþróttakennara: að bekkir færu saman, t.d. 1-2 bekkur færi kl. 11, 3-4 bekkur færi kl. 12 og 5-6 bekkur færi kl. 13. Þá væri hægt að stýra “hræðileika” og allir yrðu glaðir – flestir tóku undir þessa hugmynd. Skipuleggjendur voru nokkuð ánægðir með húsið og hvernig til tókst, hefði samt mátt vera meiri tími til að lagfæra þegar það komu rifur í veggina.

Búðirnar vöktu óskipta athygli nemenda og gaman var að sjá allar hendurnar rísa þegar minnst var á búðirnar. Allir voru sammála um að það var mjög gaman að hafa búðirnar. Nokkur atriði sem þau sögðu um búðirnar: nammi á skóladegi, þurfa ekki að fara í bæinn að sníkja, fleiri búðir, búðirnar lokuðu of snemma.

Kötturinn í tunnunni var ekki ofarlega hjá krökkunum. Þeir hefðu frekar viljað hafa nammi en voru samt sammála um að ef svo hefði verið að þá hefði orðið mikið uppistand og kannski ekki allir fengið nammi úr tunnunni.

Lærdómur var langt frá því að vera vinsæll á þessum degi. Vildu flestir stytta daginn eitthvað og hafa skemmtun eða leiki allan daginn. Eins kom upp að þá væri gott að nýta tímann til að æfa smá skemmtiatriði til að sýna á ballinu.

Ballið var með skiptar skoðanir, en flestum fannst gaman að hafa skemmtiatriðin og dansa svo eftir á. Á meðan öðrum fannst að það ætti að sleppa fugladansinum þá fannst öðrum fugladansinn of stuttur.

Valkostum var kastað fram, velja á milli A og B. A þá væri frí í skólanum og allt skólastarf félli niður þann dag eða B þá væri skóli með öskudagsskemmtun svipaðri og var. Langflestir völdu B eða um 65 + starfsfólk, en um 10 völdu A.

Soffía Dagmar tók saman punkta.

Í lokin tölvupóstur frá einu foreldri

Sælt veri fólkið.

Þrátt fyrir að hafa ekki verið á landinu þennan öskudag vil ég láta í ljós ánægju mína með skipulag dagsins. Dóttir mín var mjög ánægð og fannst þetta frábær dagur og held ég að þátttaka kennara og starfsfólks hafi staðið upp úr hjá henni. Sjálf var ég alltaf í skóla á öskudag og á frábærar minningar. Vil gjarnan sjá þetta svona áfram og sting upp á að öskupokar verði teknir í notkun aftur.